



## Skýrsla um banaslys í umferðinni

Mál nr.: **2018-203U027**

Dagsetning: **11. nóvember 2018**

Staðsetning: **Borgarfjarðarbraut við Flókadalsá**


Atvik: **Útafakstur og velta**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

## Samantekt

*Ökumaður pallbifreiðar missti stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum að hún fór út af veginum og valt. Ökumaðurinn, sem var undir áhrifum áfengis, lést í slysinu.*

## Staðsetning

**Látinn:**

26 ára karl

**Veður og birta:**

Austan 3 m/s, 4°C og myrkur

**Vegur:**

Bundið slitlag. Þurrt yfirborð. Hámarkshraði 90 km/klst.  
Meðaltalsumferð á sólarhring er 847 ökutæki.

**Tími sólarhrings:**

18:24

**Ökutæki:**

Isuzu D-Max fólksbifreið, nýskráð 2009

## Lýsing á slysi

Snemma kvölds þann 11. nóvember 2018 var Isuzu pallbifreið ekið í suðvestur eftir Borgarfjarðarbraut. Rétt áður en komið var að brú yfir Flókadalsá missti ökumaður stjórn á bifreiðinni í krappri beygju þannig að hægri hjól bifreiðarinnar fóru út fyrir slitlagið hægra megin. Ökumaðurinn náði að koma bifreiðinni aftur inn á veginn en þá fór hún að skriða til og rann á hlið út af vinstra megin. Bifreiðin byrjaði að velta fljótlega eftir að hún var komin út af veginum og valt hún nokkrar veltur upp barð meðfram veginum. Bifreiðin valt síðan aftur niður á veginn þar sem hún stöðvaðist á hjólunum við víravegrið. Ökumaðurinn, sem var einn í bifreiðinni, kastaðist að hluta út um hliðarrúðu. Hann lést af völdum áverka sem hann hlaut í slysinu.



**Mynd 1: Mynd tekin í akstursstefnu frá þeim stað þar sem bifreiðin byrjaði að skriða til yfir veginn. Sjá má skriðförin í slitlaginu eftir hjólbarðana.**

### Áverkar

Ökumaðurinn var spenntur í öryggisbelti. Bifreiðin valt margar veltur þannig að ökumaðurinn kastaðist til inni í bifreiðinni og síðan út úr henni að hluta. Hann hlaut banvæna fjölværka.

### Ökutækið

Isuzu bifreiðin var nýskráð í lok maí 2009. Hún var færð til skoðunar í lok apríl 2018 og hlaut fulla skoðun. Hún var útbúin miðlungs slitnum negldum vetrarhjólborðum. Við skoðun á bifreiðinni eftir slysið kom í ljós bilun í hemlabúnaði að framan, færslur fyrir hemladælu vinstra megin voru stíðar og voru færslurnar fastar í hægra framhjóli og þykkt hemladisks hægra megin var undir öryggismörkum. Hemlabúnaður að aftan var talsvert slitinn.

### Ökuhraði

Frá þeim stað þar sem fyrstu ummerki sást um að bifreiðin hafi farið út fyrir veginn hægra megin og að þeim stað þar sem hún stöðvaðist voru um 142 metrar. Hraðaútreikningar nefndarinnar benda til þess að hraði hennar hafi verið  $120 \pm 19$  km/klst rétt fyrir slysið.

## Vegur og umhverfi

Á slysstað liggur vegurinn niður brekku í krappri beygju að brú yfir Flókadalsá. Breidd akreina var mæld 3,1 metrar. Breiddin er undir þeim stöðlum sem nú eru í gildi en uppfyllti þá staðla sem í gildi voru þegar vegurinn var byggður.

Það var myrkur og lítill vindur en engin ofankoma. Hámarkshraði á veginum er 90 km/klst. Vegfirborðið var þurr og hálkulaust.

## Áfengis- og lyfjaprófanir

Niðurstaða áfengisrannsóknar á ökumanninum var jákvæð.

## Orsakagreining

- Ökumaðurinn var óhæfur til aksturs sökum ölvunar
- Ökumaðurinn ók allt of hratt
- Hemlabúnaður bifreiðarinnar var í ófullnægjandi ástandi

## Ábendingar

### Akstur undir áhrifum áfengis

Undanfarin ár hefur akstur undir áhrifum áfengis verið algeng orsök banaslysa í umferðinni. Eins og alþekkt er hafa vímuefni áhrif á dómgreind neytenda og skynjun umhverfis. Áfengismagn í blóði þarf ekki að vera mikið til að áhrifin skerði einbeitingu hins ölvada, sjónsvið minnkar og fjarlægðarskyn versnar. Eftir því sem ölvun eykst, lengist viðbragðstími og hreyfistjórnun og rökvisi skerðast.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa ítrekar fyrri ábendingar um akstur undir áhrifum áfengis. Að mati nefndarinnar er nauðsynlegt að koma þeim skilaboðum áfram á framfæri við ökumenn að þeir aki ekki undir neinum kringumstæðum eftir að hafa neytt áfengis.

### Skýrsluna samþykkja:

Geirþrúður Alfreðsdóttir  
Ásdís J. Rafnar  
Guðmundur Freyr Úlfarsson  
Guðrún Nína Petersen

### Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Sævar Helgi Lárusson  
Stjórnandi rannsóknar

Reykjavík 25. mars 2020  
Rannsóknarnefnd samgönguslysa